



Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. nóvember 2020

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa).

Femínísk fjármál fagna framkomnu frumvarpi. Félagið hefur áður komið á framfæri gagnrýni sinni um að stefnumótun með tilliti til mats á áhrifum frumvarpa á stöðu kynjanna og jafnrétti, sé allt of oft endasleppt. Vísar félagið þar til umsagna sinna síðustu ár um frumvörp um fjármálaáætlun, fjárlög og fjárákalog. Skýr lög um að það beri að meta stjórnarfrumvörp út frá áhrifum á stöðu kynjanna, sem og áhrifum á loftslag, eru skref í átt að bættum vinnubrögðum löggjafans og tækifæri til að gera betur í jafnréttis- og umhverfismálum.

Við innleiðingu slíkra laga yrði að vanda til verka og festa í sessi verklag sem kemur í veg fyrir að ófullnægjandi mat fari fram eða að frumvörp séu metin kynhlutlaus án þess að það standist svo nánari skoðun. Til að ná fram jákvæðum jafnréttisáhrifum af allri löggjöf og réttlátri skiptingu gæða og fjármuna úr sameiginlegum sjóðum, er nauðsynlegt að hafa bæði metnað og fagmennsku til að standa á fullnægjandi hátt að jafnréttismati.

Félagið hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
Stjórn Femínískra fjármála